



Klettur í Reykhólasveit, hola 8. Jarðlög

Jens Tómasson

Greinargerð JT-93-01

KLETTUR Í REYKHÓLASVEIT, HOLA 8 Jarðlög

- 0-32 m dýpi. Vantar svarf.
- 32-274 m dýpi. Mest settúff, gegnumstungið af einu basaltlagi. Settúffið skiptist í tvennt, þ.e. mjög fín- og jafnkorna þar sem bindiefnið er mest leir, og svo set þar sem kornadreifingin er ójafnari og meira af stærri dreifikornum, þó að dreifikornin fari sjaldan yfir brotkornastærð. Bindiefnið er mest hvítar steindir og verulegur hluti af því er kalsít, en líklega eru líka zeólítar og kvars.
- 274-334 m dýpi. Túff gegnumstungið af einu basaltlagi. Þetta er kallað túff af því að það sjást engin korn í því, en þar skiptist á grænleitt efni og hvítt. Útlitið á þessum litabreytingum er þannig að líklegt er að þær séu vegna ummyndunar. Mikið er af kalsíti í hvíta hlutanum, en líklegt er að þar sé einnig kvars.
- 334-420 m dýpi. Skiptist á súrt fínkorna og glerkennt berg, gæti verið súrt hraun og túff, og túffkennt set. Í súra berginu sjást stöku dflar af plagióklasi og spor eftir pyroxen.



Ummyndun og sprungufyllingar

Ummyndun er mikil, en aðeins er hægt að greina tvær steindir með vissu, það er kalsít og pyríf. Mjög lítið er af holufyllingarsteindum af brotkornastærð, það er aðeins á einum stað sem verulegt magn er af slíkum steindum, það er á 404-408 m dýpi af stórum flögum af hvíttri steind, kvars? með himnu af hematíti.






Vatnsæðar og jarðlög

1. Á bilinu 100-117 m er skráð vatnsæðanet hjá bormönnum en á 104-108 m var borað í gegnum sprungu. Þessi æð er því í sprungu.
2. Á 155 m dýpi er skráð æð. Þessi æð er í túffrika setinu. Að öðru leyti varð ekki vart við neinar breytingar á jarðlögum við þessa æð.
3. Ein aðalvatnsæðin er á 275 m dýpi. Þessi æð er á lagmótum túffrika setsins og túffsins.
4. Á 350 m er skráð æð. Þetta er í súra fínkornotta berginu, en á þessu dýpi er sérstaklega tekið fram að bergið sé mjög glerríkt. Gæti verið á lagmótum tveggja laga.

Klettur Reykhólasveit hola 8



Skýringar við jarðlagasnið

-  Ummyndað fin-meðalkorna basalt
-  Tuff
-  Súrt finkornátt berg
-  Svarf vantar
-  Tuffrikt set